# Sunnudagur 21. maí



## SJÓNVARPIÐ

12.30 **Evrópumeistaramót í fimleikum kvenna.** Bein útsending frá Brussel. Umsjón Jónas Tryggvason.
14.30 **Hlé.**
17.50 **Sunnudagshugvekja.** Sr. Gunnar Björnsson flytur.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Roseanne** (Roseanne). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.30 **Magni mús** (Mighty Mouse). Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
20.45 **Vatnsleysuveldið** (Dirtwater Dynasty). Fyrsti þáttur. Ástralskur myndaflokkur í tíu þáttum. Leikstjóri Michael Jenkins. Aðalhlutverk Hugo Weaving, Victoria Longley, Judy Morris, Steve Jacobs og Dennis Miller. Í þessum myndaflokki er rakin saga Eastwick-ættarinnar í þrjá ættliði, sem hefst er Richard Eastwick kemur blásnauður til Ástralíu. Hann er ákveðinn í að byrja nýtt líf og eignast sitt eigið land. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir.
21.40 **Akstur er dauðans alvara.** Þáttur um umferðarmál í umsjón Ragnheiðar Davíðsdóttur.
22.30 **Smáþjóðaleikarnir á Kýpur.**
22.45 **Prince á hljómleikum** (Prince – Lovesexy). Upptaka frá hljómleikum bandarísku rokkstjörnnnnar Prince í Vestur-Þýskalandi 9. september 1988.
00.45 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Högni hrekkvísi.** Teiknimynd.
9.20 **Alli og íkornarnir.** Teiknimynd.
9.45 **Smygl.** Smuggler. Breskur framhaldsmyndaflokkur í þrettán þáttum fyrir börn og unglinga. 8. hluti.
10.15 **Lafði Lokkaprúð.** Lady Lovely Locks. Falleg teiknimynd.
10.25 **Selurinn Snorri.** Seabert. Teiknimynd með íslensku tali.
10.40 **Þrumukettir.** Thundercats. Teiknimynd.
11.05 **Drekar og dýflissur.** Dungeons and Dragons. Teiknimynd.
11.30 **Fjölskyldusögur. Teenage Special. Leikin barna- og unglingamynd. AML.**
12.30 **Óháða rokkið.** Tónlistarþáttur.
13.20 **Mannslíkaminn** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mannslíkamann.
13.50 **Blóðrauðar rósir.** Blood Red Roses. Endurtekin framhaldsmynd í tveim hlutum. Seinni hluti. Aðalhlutverk: Elizabeth mMcLennan, James Grant og Gregor Fisher.
15.10 **Leyndardómar undirdjúpanna.** Discoveries Underwater. Einstaklega fróðlegir og skemmtilegir þættir teknir neðansjávar.
16.10 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
17.10 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. George Solti.
18.05 **NBA-körfuboltinn.** Leikir vikunnar úr NBA-deildinni.
19.19 **19:19** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Svaðilfarir í suðurhöfum** Tales of the Gold Monkey. Ævintýralegur og spennandi framhaldsmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Rody McDonwall og Jeff Mackay.
20.55 **Þetta er þitt líf.** This is Your Life. Hinn heimsfrægi leikari, Richard Todd, er gestur Michaels Aspel í þetta sinn. Richard Todd fagnar um þessar mundir fimmtíu ára leikferli, bæði á sviði og í kvikmyndum en hann var rétt sextán ára þegar hann kom í fyrsta sinn fram á sviði.
21.25 **Lagakrókar.** L.A. Law. Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
22.15 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
23.05 **Með óhreinan skjöld.** Carly's Web. Spennumynd með gamansömu ívafi. Vörubíll með fullan farm af sojabaunum hverfur á dularfullan hátt. Skrifstofustúlka í dómsmálaráðuneytinu kemst á snoðir um að ekki er allt með felldu. Aðalhlutverk: Daphne Ashbrook, Carole Cook, Gary Grubbs og Bert Rosario.
0.40 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

7.45 **Morgunandakt.** Séra Sváfnir Sveinbjarnarson prófastur á Breiðabólsstað flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.**
8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
8.30 **Á sunnudagsmorgni með Ólöfu Kolbrúnu Haraldsdóttur söngkonu.** Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Jóhannes 3, 1–15.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.** Sálumessa í c-moll eftir Luigi Cherubini. Kór og hljómsveit hollenska útvarpsins flytja; Lamberto Gradelli stjórnar.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Af menningartímaritum** – Líf og list. Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
11.00 **Messa í Árbæjarkirkju.** Prestur: séra Ólafur Jens Sigurðsson.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **Frá hátíðardagskrá í Þjóðleikhúsinu vegna aldarafmælis Gunnars Gunnarssonar.**
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
15.10 **Spjall á vordegi.** Umsjón: Halla Guðmundsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – „Ertu aumingi maður?" Þriðji þáttur. Útvarpsgerð Vernharðs Linnet á sögu eftir Dennis Jürgensen. Flytjendur: Atli Rafn Sigurðsson, Elísabet Gunnlaugsdóttir, Jón Atli Jónasson, Oddný Eir Ævarsdóttir, Þórdís Váldimarsdóttir og Yrpa Sjöfn Gestsdóttir. Sögumaður: Sigurlaug M. Jónasdóttir. (Einnig útvarpað í Útvarpi unga fólksins nk. miðvikudag.)
17.00 **Tónleikar á vegum Evrópubandalags útvarpsstöðva.** Útvarpað verður ljóðatónleikum frá tónlistarhátíðinni í Salzburg 1988.
18.00 **„Eins og gerst hafi í gær".** Viðtalsþáttur í umsjá Ragnheiðar Davíðsdóttur. (Einnig útvarpað morguninn eftir kl. 10.30.) Tónlist. Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Tónlist.**
20.00 **Sunnudagsstund barnanna.** Umsjón: Kristjana Bergsdóttir. (Frá Egilsstöðum)
20.30 **Íslensk tónlist.** - Sinfóníetta eftir Karólínu Eiríksdóttur. Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur; Paul Zukofsky stjórnar. – Klarinettukonsert, „Melodious Birds sing madrigals" eftir John Speight. Einar Jóhannesson leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands; Jean-Pierre Jaquillat. – „Burtflognir pappírsfuglar" eftir Gunnar Reyni Sveinsson. Blásarakvintett Reykjavíkur leikur. (Af hljómplötum.)
21.10 **Ekki er allt sem sýnist** – þættir um náttúruna. Níundi þáttur: Grösin. Umsjón: Bjarni Guðleifsson. (Frá Akureyri)
21.30 **Útvarpssagan:** „Löng er dauðans leið" eftir Else Fischer. Ögmundur Helgason þýddi. Erla B. Skúladóttir les (11.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson. (Frá Akureyri)
23.00 **Hugleiðingar á vorkvöldi.** Umsjón: Hannes Örn Blandon. (Frá Akureyri)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Ómur að utan** – Danskir leikarar fara á kostum. Atriði úr „Tartuffe" eftir Moliére, „En Idealist" eftir Kaj Munk og „Den gamle dame bes ger byen" eftir Dürrenmatt. Flytjendur: Bodil Ibsen, Paul Reumert, Svend Methling og Edith Pio. Umsjón: Signý Pálsdóttir.
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

3.05 **Vökulögin.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikir og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval vikunnar.** Úrval úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Spilakassinn.** Pétur Grétarsson spjallar við hlustendur sem freista gæfunnar í Spilakassa Rásar 2.
14.00 **Íþróttarásin** – Lýsing frá 1. umferð 1. deildar Íslandsmótsins í knattspyrnu. FH og KA, Þór og Víkingur, KR og ÍA.
16.05 **128.** tónlistarkrossgátan. Jón Gröndal leggur gátuna fyrir hlustendur.
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenkum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.**
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
1.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

## FM 98·9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrífandi morguntónlist sem þessi morgunglaði dagskrárgerðarmaður sér um að raða undir nálina. Förum snemma á fætur með Harðsnúna Halla!
13.00 **Ólafur Már Björnsson.** Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarstemningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin. Ómissandi við útigrillið!
24.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Skínandi góð morgunlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir** fer með hlustendum í bíltúr, kíkir í ísbúðirnar og leikur góða tónlist. Margrét sér okkur fyrir skemmtilegri sunnudagsdagskrá með ýmsum óvæntum uppákomum.
18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokin.
24.00 **Næturstjörnur.**

## Rót útvarp FM 106·8

10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
12.00 **Jazz & blús.**
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Elds er þörf.** Vinstrisósíalistar. E.
16.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök. E.
17.00 **Á mannlegu nótunum.** Umsjón: Flokkur mannsins.
18.00 **Laust.**
18.30 **Mormónar.** E.
19.00 **Sunnudagur til sælu.** Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **FÁ.**
14.00 **MR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FG.**
20.00 **Útvarpsráð Útrásar.**
22.00 **Neðanjarðargöngin, óháður vinsældalisti á FM 104;8.**
01.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá þriðjudegi.
15.00 **Blessandi tónar. Guð er hér og vill finna þig.**
21.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekið frá fimmtudegi.
22.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Fugl Baileys.**
5.00 **The Hour Of Power.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **Íþróttaþáttur.**
11.30 **Tískuþáttur.**
12.00 **Kvikmynd.**
14.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
15.00 **Poppþáttur.**
15.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
16.00 **Dolly.** Gamanþáttur.
16.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
17.30 **Kvikmynd.**
21.30 **Entertainment This Week.**
22.30 **Poppþáttur.**

## EUROSPORT

16.00 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Eurosport – What a Week! Litið á helstu viðburði síðastliðinnar viku.**
18.00 **Tennis. Italian Men's Open í Róm.**
20.00 **Fimleikar.** Evrópukeppni kvenna í Brussel.
22.00 **Mótorhjólakappakstur.** Italian Grand Prix.
22.30 **Surfer Magazine.** Frá Hawaii.
23.00 **Íþróttakynning Eurosport.**

### Sjónvarp kl. 22.45:

# Prince á tónleikum

Hér er á ferð upptaka frá rokktónleikum átrúnaðargoðsins bandaríska, Prince. Milljónir áhorfenda komu á tónleika á ferð hans um Evrópu í fyrra. Ferðin bar heitið Lovesexy.

Tónleikarnir, sem hér um ræðir, eru frá Dortmund í V-Þýskalandi frá 9. september sl. Áhorfendur flykktust á íþróttavöllinn þar sem tónleikarnir voru haldnir. Lovesexy-ferðinni var lýst í tónlistarblaðinu Melody Maker sem mögnuðustu sýningu í heiminum

-ÓTT



**Rokkstjarnan Prince hélt í fyrra í tónleikaferð til Evrópu. Í þættinum sést hann þegar hann kom fram í Dortmund í V-Þýskalandi.**

### Sjónvarp kl. 20.45:

# Vatnsleysuveldið

### – nýr ástralskur framhaldsflokkur

Í dag hefur göngu sína ástralskur myndaflokkur í tíu hlutum. Atburðarásin nær yfir þrjár kynslóðir og um 80 ár. Þetta er saga um mann sem var álíka víðsýnn og heimsálfan hans er stór. Richard Eastwick er fæddur í London og fer til Ástralíu 20 ára gamall. Hann á sér mikla drauma og hefst handa við að láta þá rætast með hugrekkinu einu. Um fertugt verður hann einn best stæði maður landsins.

Richard elur upp börn og barnabörn, hann á góða vini, sem standa við hlið hans, en óvinir eru einnig til staðar. Heimsstyrjöldin og kreppan setja mark sitt á líf hans en það sem hann hefur mestan áhuga á er að börn framtíðarinnar notfæri sér það sem hann hefur byggt upp.

Hugo Weavin leikur aðalhlutverkið – hann fékk verðlaun fyrir leik sinn í Bodyline. Victoria Longley leikur tvö hlutverk, unga brúði Richards og dóttur sem hann átti aldrei eftir að þekkja. Steve Jacobs leikur besta vin Richards og Judy Morris seinni konu hans.

-ÓTT



**Tvítugur settist Richard Eastwick Lundúnabúi að í Ástralíu. Hann átti sér stóra drauma sem komu til með að rætast.**

### Rás 2 kl. 14.00:

# Íþróttarásin

### – þrír leikir í 1. deild

Í dag verður fylgst með þremur leikjum í fyrstu umferð Íslandsmótsins í knattspyrnu í 1. deild. Í Hafnarfirði fer fram leikur FH og KA. Frá Akureyri fá hlustendur fréttir af gangi mála í leik Þórsara og Víkinga sem sækja norðanmenn heim í fyrsta leik. Í Reykjavík verður einn leikur, KR-ingar fá Akurnesinga í heimsókn og verður þar áreiðanlega hörð viðureign.

Í sumar er ætlunin að fylgjast með sem flestum leikjum í fyrstu deild og skjóta inn lýsingu og frásögnum inn í dagskrá rásar 2 á meðan leikir standa yfir.

-ÓTT

### Rás 1 kl. 13.30:

# Hátíðardagskrá í Þjóðleikhúsinu

### – á aldarafmæli Gunnars Gunnarssonar

Gunnar Gunnarsson rithöfundur fæddist 18. maí árið 1889. Menntamálaráðuneytið gekkst fyrir hátíðardagskrá í Þjóðleikhúsinu á afmælisdegi skáldsins. Á rás 1 kl. 13.30 verður útvarpað völdum atriðum frá dagskránni.

Þorsteinn Ö. Stephensen og Bríet Héðinsdóttir lesa ljóð eftir skáldið, Sveinn Skorri Höskuldsson ræðir um verk Gunnars, Arnar Jónsson les kafla úr Fjallkirkjunni og nokkrir leikarar lesa og leika atriði úr Svartfugli. Umsjónarmaður dagskrárinnar er Sigrún Valbergsdóttir.



### Rás 2 kl. 16.05:

# Tónlistarkrossgátan nr. 127

Tónlistarkrossgátan nr. 127
Lausnir sendist til Ríkisútvarpsins, rásar 2,
Efstaleiti 1,
108 Reykjavík,
merkt „Tónlistarkrossgátan"